

Ágrip að erindi

Titill: Samræðukennsla á háskólastigi

Höfundur: Hafþór Guðjónsson

Í erindi mínu segi ég frá námskeiði sem ég kenndi um árabíl og var ætlað kennaranemum sem stefndu að því að kenna náttúrufræðigreinar í framhaldsskóla. Eins og gengur höfðu þessir nemendur markast af fyrra námi og gerðu ráð fyrir því hlutverk þeirra væri helst fólgið í því að glósa eftir mér. Strax í fyrsta tímanum varð þeim þó ljóst að nú væri annað uppá tengingnum. Ég dreifði til þeirra námskeiðslýsingu og þar stóð þetta svart á hvítu:

Í námskeiðinu er lögð rík áhersla á vinnu og framlag þátttakenda enda gengið út frá þeirri hugmynd að fólk læri mest með því að gera hlutina sjálft og taka ábyrgð á eigin námi. Hlutverk mitt er fyrst og fremst fólkið í því að skapa umhverfi sem ýtir undir slíka virkni, hvetur fólk til ígrunda reynslu sína og ræða saman.

Til að byrja með fannst nemendum þetta erfitt en þegar á leið náðu þeir þó áttum og fundu jafnvel til máttar síns, samber eftirfarandi orð eins nemenda undir lok námskeiðsins eitt árið:

Að ná saman á blað fyrstu ígrundunum tók mig heilu dagana í byrjun vetrar. Síðan gerðist það, að það fór að verða mér tamara að koma skoðunum mínum á blað og rökstyðja eftir þörfum. Má því segja að ég hafi *lært að hugsa upp á nýtt* í náminu í vetur og þegar upp var staðið er það kannski stærsti ávinningurinn sem ég hef haft af náminu. Því þegar maður hefur tamið sér að ígrunda efni og hugmyndir koma fleiri möguleikar og fletir á efninu í ljós. (Leturbreyting HG)

„Lært að hugsa upp á nýtt“, skrifar kennaraneminn. Kom mér ekki á óvart. Samræðukennsla, sé vel að henni staðið, mótar hugsunina. Þetta hyggst ég skýra nánar í erindi mínu.